

Reglugjörð

fyrir Akureyrarkaupstað um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts, notkun vatns úr bæjarvatnsveitunni, meðferð á vatnsæðum o. fl.

1. gr.

Öll framkvæmdarstörf er vatnsveituna snerta felur bæjarstjórnin þriggja manna nefnd úr flokki sínum.

2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til húsa-skatts og vatni er veitt í, eða standa svo nærri vatnsæðum, að þær sju nothæfar til eldvarnar, skal greiða vatnsskatt, enda eiga húseigendur rjett á að fá lagða vatnsæð í húsin á sinn kostnað. Skatturinn skal lagður á eftir skattvirðing húsanna og greiðist með 3,5 p. m. af fyrstu 10,000 krónum virðingarverðsins, en með 2 p. m. af því sem fram yfir er. Þegar svo er ástatt, að einn er eigandi að fleiri húsum, er standa í hvirfingu á sömu lóð, og notuð eru til sama atvinnureksturs — enda sje eigi búíð í nema einu þeirra — þá reiknast 2 p. m. af því sem fram yfir er 10,000 kr. af samanlögðu virðingarverði húsanna.

Auk þess greiða húseigendur 1 kr. árlega fyrir hvern mann, sem býr í húsi hans, þegar manntal er tekið næst áður en niðurjöfnun skattsins fer fram.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum og getur þá bæjarstjórnin ákveðið fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskatt þennan um alt að 20%.

3. gr.

Fyrir öll vatnsafnot, sem fram yfir er venjulegar heimilisparfir, skal gjaldið ákveðið með samningi við bæjarstjórnina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal hann innheimtur eftir mati, þannig að af ársbrúkun hverri greiðist 1 kr. 50 au. fyrir hverja 100 hektolitra upp að 10,000 hektolítrum, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunefndarinnar og eftir því hvað mikið er notað. Notandi leggur til löggiltan vatnsmælir og annast viðhald hans.

Enginn má setja hreyfivjelar í samband við vatnsæðarnar án leyfis bæjarstjórnar.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. apríl og 1. október ár hvert, og greiðist helmingur skattsins á hvorum gjalddaga um sig.

Vatnsskatt má taka lögtaki og má byrja lögtakið í hinu skattskylda húsi.

5. gr.

14

11. mars.

Fyrir vatn, sem látið er úti til skipa, skal greiða við afhendingu 1 kr. fyrir hverja smálest, þó eigi minna í hvert skifti en 5 kr. fyrir fiskveiðaskip og seglskip, og 10 kr. fyrir öll önnur skip.

Vatnsveitunefnd getur þó fyrir eitt ár í senn eða skemmri tíma gert samning við eigendur eða umráðamenn skipa um árgjald eða mánaðargjald af skipum.

6. gr.

Bæjarstjórnin löggildir menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þurfa þykir, til þess að leggja vatnsæðar þær, er einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar bæjarins, og sjeu þeir skyldir til að hlýta vinnukaupstaxta þeim, sem bæjarstjórnin kann að setja og að öðru leyti fara eftir reglum þeim, er bæjarstjórnin setur. Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja æðar frá bæjarvatnsveitunni í hús eða um þau, eða gjöra breytingar á vatnsæðum.

7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Hann skal sjerstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

8. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum innlagningarmönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær.

Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, er húseiganda skylt að bæta tafarlaust úr því.

9. gr.

Bæjarstjórninni er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða tækjum, sem eru í sambandi við þær, eða eyða vatni að óþörfu, og ennfremur fyrir þeim, sem ekki greiða vatnsskatt á rjettum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig þann tíma, sem vætnsæðunum er lokað.

10. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis umsjónarmanns hennar.

14

11. mars

11. gr.

Reglugjörð þessi endurskoðist fyrir árslok 1917.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin endurskoðuð reglugjörð um vatnsveitu í ytri hluta Akureyrarkaupstaðar 13. mars 1913.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 83, 22. nóv. 1907, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 11. mars 1915.

Sig. Eggerz.

Jón Hermannsson.

15

12. mars

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð 7. mars 1908 um notkun pósta.

Á eftir öðrum málslið 22. gr. reglugjörðar um notkun pósta frá 7. mars 1908 komi nýr málsliður svohljóðandi:

Samkvæmt lögum nr. 22, 2. nóv. 1914, um breyting á póstlögum 16. nóv. 1907, ber póstsjóður ekki ábyrgð á skaða þeim á póstsendingum, sem stafar af ofurefli (vis major), en eftir heimild þeirri, sem lögin veita til þess að gera breyting á þessu, skal póstsjóður, einnig þótt skaðinn stafi af ofurefli, hafa ábyrgð á póstsendingum þeim, er nú skal greina: Ábyrgðarbrjefum, peninga- og verðbrjefum og böggjum, sem hafa að innihaldi verðmæt skjöl, arðmiða, vaxtamiða, brjefpeninga, mótað og ómótað gull, silfur og platinu, gimsteina og ekta perlur, svo og öðrum sendingum, sem póstsjóður kann að bera ábyrgð á samkvæmt samningum við önnur lönd.

Í stjórnarráði Íslands, 12. mars 1915.

Sig. Eggerz.

Jón Hermannsson.